

Fasteignafélagið Hvammur ehf.

Aðalfundur

Aðalfundur Fasteignafélagsins Hvamms ehf., kt. 440402-2670 (hér eftir „félagið“), var haldinn 23. júní 2022 í stjórnsýsluhúsinu að Miðbraut 11, 370 Búðardal og hófst hann kl. 13:00.

Fyrir fundinum liggur eftirfarandi dagskrá:

1. Setning fundarins, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar frá liðnu starfsári.
3. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 lagður fram til staðfestingar ásamt athugasemnum.
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
5. Tillaga stjórnar um útgreiðlu arðs og hvernig skuli fara með hagnað eða tap.
6. Greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á árinu.
7. Staðfesting á ákvörðun hluthafafundar um aukningu dags. 31. desember 2006.
8. Tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins til jöfnunar á tapi.
9. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með útgreiðlu til hluthafa.
10. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum.
11. Tillaga stjórnar um breytingu á nafni félagsins.
12. Tillaga stjórnar um breytingu á tilgangi félagsins.
13. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins.
14. Önnur mál.

Fundinn sátu Einar Jón Geirsson sem fer með atkvæði Dalabyggðar, Pétur Friðjónsson sem fer með atkvæði Byggðastofnunar, Kristján Sturluson stjórnarmaður og Íngibjörg Þórunna Steinudóttir (sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað).

1. liður dagskrár – setning fundarins, kosning fundarstjóra og fundarritara.

Einar Jón Geirsson, stjórnarmaður félagsins, setti fundinn og lagði til að hann tæki að sér fundarstjórn. Var það samþykkt samhljóða. Einar Jón Geirsson tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristján Sturluson ritaði fundinn. Var það samþykkt samhljóða.

Mætt er á fundinn fyrir hönd Byggðastofnunar og Dalabyggðar. Mætt er fyrir 85,3% hluthafa. Fundarstjóri fór yfir dagskrá, framlögð gögn og mætingu til fundarins. Fulltrúar hluthafa gerðu engar athugasemdir þar við.

Fundurinn er því næst lýstur löglegur og gengið til dagskrár.

2. liður dagskrár – skýrsla stjórnar frá liðnu starfsári.

Stjórnarmaður félagsins skýrði frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári sem lauk þann 31. desember 2021. Gengið var frá sölu eigna félagsins í lok síðasta árs en salan kláraðist síðan í byrjun árs 2022.

3. liður dagskrár – ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 lagður fram til staðfestingar ásamt athugasemnum.

Stjórnarmaður félagsins lagði fram ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemnum og var hann staðfestur af hluthöfum.

Ársreikningurinn samþykkt samhljóða.

JK *JK*
JP *hjs*

4. liður dagskrár – kosning stjórnar og endurskoðanda.

Fyrir fundinum lá tillaga um að kjósa nýja stjórn félagsins. Fram kom tillaga þess efnis að stjórnina skipi eftirfarandi:

Einar Jón Geirsson, kt. 311075-5199, Lækjarhvammi 3, 370 Búðardal

Ingibjörg Þ. Steinudóttir, kt. 030983-4089, Rauðbarðaholti 2, 371 Búðardal

Pétur Friðjónsson, kt. 100867-5919, Eyrartúni 5, 550 Sauðárkróki

Framkomin tillaga var samþykkt.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf., kt. 590975-0449 ehf. verði kjörið sem endurskoðunarfyrtæki félagsins.

Framkomin tillaga var samþykkt.

5. liður dagskrár – tillaga stjórnar um útgreiðslu arðs og hvernig skuli fara með hagnað eða tap.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2021.

6. liður dagskrár – greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á árinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórnarlauun til stjórnarmanna félagsins verði óbreytt, þ.e. kr. 17.000,- fyrir stjórnarmenn og kr. 28.000,- fyrir stjórnarformann.

Framkomin tillaga var samþykkt.

7. liður dagskrár – staðfesting á ákvörðun hluthafafundar um aukningu dags. 31. desember 2006.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að staðfesta ákvörðun sem tekin var á lögmætum hluthafafundi félagsins þann 31. desember 2006, þar sem láðst hafði að tilkynna um breytinguna til fyrirtækjaskrár innan lögbööins frests á sínum tíma. Ákveðið var að auka hlutafé félagsins með útgáfu nýrra hluta að nafnverði kr. 10.000.000,- sem selt var á gengingu kr. 1 á hlut. Nýr hlutir voru greiddir með reiðufé og félulu hluthafar frá forgangsrétti sínum til áskriftarinnar. Hlutafé félagsins eftir hækjun er því kr. 68.083.731,- að nafnverði. Þá voru jafnframt samþykktar viðeigandi breytingar á samþykktum félagsins, í samræmi við ákvörðun um aukningu á hlutafé félagsins. Ársreikningar félagsins, frá þeim tíma sem aukningin var ákveðin til dagsins í dag, hafa borið með sér framangreinda aukningu á hlutafé.

Aðalfundur félagsins samþykkir ofangreinda tillögu með öllum greiddum atkvæðum. Samþykktir félagsins, dags. 31. desember 2006, voru lagðar fram til undirritunar að nýju ásamt tilkynningu um aukningu á hlutafé og var stjórn félagsins falið af hluthöfum að ganga formlega frá hækjun hlutafjár í samvinnu við KPMG ehf.

Samþykkt samhljóða.

8. liður dagskrár - tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins til jöfnunar á tapi.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár, svo sem fram hefur komið í fundarboði. Tillagan miðar að því að lækka hlutafé félagsins til jöfnunar á tapi sem myndast hefur í rekstri félagsins og verður

X
RJ-S

ekki jafnað á annan hátt á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög (hér eftir „ehfl.“). Lagt er til að lækka hlutafé um kr. 34.577.161,- að nafnverði.

Aðalfundur félagsins samþykkir ofangreinda tillögu með öllum greiddum atkvæðum. Stjórn félagsins var af hluthöfum falið að ganga formlega frá lækkun hlutafjár í samvinnu við KPMG ehf.

Samþykkt samhljóða.

9. liður dagskrár - tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins með útgreiðslu til hluthafa.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár, svo sem fram hefur komið i fundarboði. Tillagan miðar að því að lækka hlutafé félagsins með úthlutun af eigin fé félagsins til eins af hluthöfum félagsins á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 34. gr. ehfl. Lagt er til að lækka hlutafé um kr. 2.500.000,- að nafnverði á gengingu kr. 1,- á hlut. Heildarfjárhæð sú sem lagt er til að greiða út er því kr. 2.500.000,-

Fyrir fundinum lá yfirlýsing stjórnar um að eftir fyrirhugaða hlutafjárlækkun eigi félagið fyrir skuldbindingum sínum. Endurskoðandi félagsins hefur staðfest þá yfirlýsingu á grundvelli fyrilliggjandi ársreiknings, upplýsinga úr bókhaldi félagsins og staðfestinga stjórnarmanna um stöðu félagsins. Verði tillagan samþykkt ætlar stjórn félagsins að freista þess að fá undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. heimild í 2. mgr. 36. gr. ehfl.

Aðalfundur félagsins samþykkir ofangreinda tillögu með öllum greiddum atkvæðum. Stjórn félagsins var af hluthöfum falið að ganga formlega frá lækkun hlutafjár í samvinnu við KPMG ehf.

Samþykkt samhljóða.

10. liður dagskrár - tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins til jöfnunar á eigin hlutum.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár, svo sem fram hefur komið i fundarboði. Tillagan miðar að því að lækka hlutafé félagsins vegna eigin hluta á grundvelli 38. gr., sbr. VII. kafla ehfl. Lagt er til að lækka hlutafé um kr. 2.425.466,- að nafnverði.

Fyrir fundinum lá yfirlýsing stjórnar um að eftir fyrirhugaða hlutafjárlækkun eigi félagið fyrir skuldbindingum sínum. Endurskoðandi félagsins hefur staðfest þá yfirlýsingu á grundvelli fyrilliggjandi ársreiknings, upplýsinga úr bókhaldi félagsins og staðfestinga stjórnarmanna, um stöðu félagsins.

Verði tillagan samþykkt ætlar stjórn félagsins að freista þess að fá undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. heimild í 2. mgr. 36. gr. ehfl.

Aðalfundur félagsins samþykkir ofangreinda tillögu með öllum greiddum atkvæðum. Stjórn félagsins var af hluthöfum falið að ganga formlega frá lækkun hlutafjár í samvinnu við KPMG ehf.

Samþykkt samhljóða.

11. liður dagskrár – tillaga stjórnar um breytingu á nafni félagsins.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að breyta nafni félagsins í Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.¹

Aðalfundur félagsins samþykkir ofangreinda tillögu með öllum greiddum atkvæðum.

Samþykkt samhljóða.

¹ Fundurinn gerir sér grein fyrir fyrirvara Fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra um að nafnið brjóti ekki í bága við rétt annarra til nafnsins. Undirritaðir stjórnarmenn skuldbinda sig til að hlutast til um nafnbreytingu, komi í ljós við nánari althugun að nafn félagsins fái ekki samrýmst betri rétti annarra. Hlutafelagaskrá áskilur sér rétt til að taka nafn af skrá ef svo er og stjórnarmenn skirrast við að lata breyta nafni að kröfum skrárinnar.

RH *JL*

12. liður dagskrár – tillaga stjórnar um breytingu á tilgangi félagsins.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að breyta tilgangi félagsins svo að eftirleiðis skuli hann hljóða svo:

„Tilgangur félagsins er að efla og styðja við uppbyggingu atvinnulífs á starfssvæði þess með arðsemismarkmið í huga. Stuðningurinn getur verið í formi hlutafjárkaupa eða lánveitinga bæði til nýrra fyrirtækja og fyrirtækja sem nú þegar eru í rekstri á svæðinu.“

Aðalfundur félagsins samþykkir ofangreinda tillögu með öllum greiddum atkvæðum.

Samþykkt samhljóða.

13. liður dagskrár – tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins. Þar sem að tillögur stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins, sem og breytingu á nafni og tilgangi félagsins, sbr. nánar dagskráriði nr. 8-12, hafa það í för með sér að gera verður breytingu á samþykktum félagsins leggur stjórn félagsins jafnframt til að eftirleiðis skulu greinar 1.1., 1.3. og 2.1. í samþykktum félagsins hljóða svo:

- 1.1: „Félagið er einkahlutafélag. Nafn þess er Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.“
- 1.3: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja við uppbyggingu atvinnulífs á starfssvæði þess með arðsemismarkmið í huga. Stuðningurinn getur verið í formi hlutafjárkaupa eða lánveitinga bæði til nýrra fyrirtækja og fyrirtækja sem nú þegar eru í rekstri á svæðinu.“
- 2.1: „Hlutafé félagsins er kr. 28.581.104 - krónur tuttuguogáttamilljónir firmuhundruðáttatíu-ogeittþúsundeitthundraðogfjórar. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 - ein króna og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.“

Aðalfundur félagsins samþykkir ofangreinda tillögu með öllum greiddum atkvæðum. Samþykktum félagsins er því breytt til samræmis og þær undirritaðar.

Samþykkt samhljóða.

14. liður dagskrár – önnur mál.

Engin önnur mál voru á dagskrá og fundi því næst slitið kl. 13:16.

Búðardal, 23. júní 2022.

Þannig staðfest af stjórn félagsins:



Einar Jón Geirsson
Stjórnarformaður og fundarstjóri



Kristján Sturluson
Meðstjórnandi og fundarritari



Pétur Friðjónsson
Meðstjórnandi